

Miðvikudaginn 26. janúar 1949.

Nr. 135/1948. **Valdstjórnin** (Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Magnúsi Ágústssyni (Ólafur Þorgrímsson).

Um vitnaskyldu læknis, sem sjúklingur hafði í trúnaði skýrt frá afbroti sínu og læknis eins.

Dómur Hæstaréttar.

Hinum áfrýjaða úrskurði hefur valdstjórnin skotið til Hæstaréttar eftir ósk Magnúsar Ágústssonar, fyrrverandi héraðslæknis. Hefur honum verið stefnt og sækjandi og verjandi skipaðir í málinu að hætti opinberra mála.

Vitneskju þeirri, sem stefndi er krafinn vættis um, var honum trúað fyrir í læknisstarfi sínu. Þykir, eins og á stendur, ekki vera nægilega rík þjóðfélagsleg nauðsyn til þess að rjúfa þetta trúnaðarsamband sjúklingsins við lækni sinn. Verður stefnda því ekki gert skylt að gefa þá skýrslu, sem hann er krafinn um, og ber samkvæmt því að fella hinn áfrýjaða úrskurð úr gildi.

Eftir þessari niðurstöðu ber að greiða allan kostnað af áfrýjun málsins úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 600.00 til hvors.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði úrskurður er úr gildi felldur.

Allur kostnaður af áfrýjun málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmanna Sveinbjörns Jónssonar og Ólafs Þorgrímssonar, kr. 600.00 til hvors.

Úrskurður lögregluréttar Reykjavíkur 16. september 1948.

Vitnið Magnús Ágústsson læknir hefur borið það hér í lögregluréttinum, að það hafi sem læknir í Kleppjárnsreykjahéraði fengið vitneskju um,

að fóstri konu einnar í héraðinu hafi á ólögmætan hátt verið eytt veturinn 1946—47, og viti vitnið nafn hennar og læknis þess, sem hún sagði, að eytt hefði fósturin, en það telji sig þagnarskylt um þessi efni samkvæmt 10. gr. laga nr. 47 23. júní 1932.

Rétturinn lítur svo á, að þagnarskylda samkvæmt ákvæði þessu nái eigi til atriðis þess, sem hér liggur fyrir til rannsóknar, sem er uppljóstrun meints glæps, og hlýtur því að ákveða, að vitninu skuli vera skylt að upplýsa, hver nefnd kona sé og hvaða læknir það sé, sem hún hefur sagt, að eytt hafi fóstri hennar.

Því úrskurðast:

Vitninu Magnúsi Ágústssyni lækni er skylt að gefa framangreindar upplýsingar.

Föstudaginn 28. janúar 1949.

Nr. 132/1948. **Vilberg Sigurjón Hermannsson og
Brandur Brynjólfsson** (Sigurður Ólason)
gegn
Ole Færch (Kristján Guðlaugsson).

Kaupréttur að íbúð.

Dómur Hæstaréttar.

Kristján Kristjánsson, borgarfégeti í Reykjavík, hefur kveðið upp hinn áfrýjaða úrskurð.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 19. október f. á. Gera þeir þær dómkröfur, að boð áfrýjanda Brands Brynjólfssonar á uppboðsþingi 18. ágúst 1948 í kjallaraíbúð hússins nr. 11 við Eskiðhlíð í Reykjavík verði dæmt gilt, að fullnægðum uppboðsskilmálum, en hrundið verði kröfu stefnda um kauprétt á nefndri íbúð. Þá krefjast þeir og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi stefnda eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða úrskurðar og málskostnaðar fyrir Hæstarétti af áfrýjendum in solidum eftir mati dómsins.